

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994, um botn- og flotvörpur.

1. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við veiðar með botn- og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim, sem um er getið í 3.- 5. gr., eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

- A. Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.-5. gr. að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 135 mm.
- B. Við innfjarðarækjuveiðar, þ.m.t. rækjuveiðar við Eldey, sbr. 1. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 345/1992, um leyfisbindingu tiltekinna veiða, er heimilt að binda fyrir rækjupoka allt að 20 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn. Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Við innfjarðarækjuveiðar er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.
- C. Við úthafs rækjuveiðar, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 405/1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995, er heimilt að binda fyrir rækjupokann allt að 40 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn. Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Við úthafs rækjuveiðar er heimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.
- D. Við veiðar með humarvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm lágmarksmöskvastærð til þess að koma í veg fyrir slit.
- E. Við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3.-5. gr. að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 25. september og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. september 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.